

1940 nr. 123 17. ágúst**Lög um bann gegn jarðraski**

■ **1. gr.** Í kaupstöðum, kaптúnunum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annarra mannvirkja. . . .¹⁾

¹⁾ L. 48/1956, 35. gr.

■ **2. gr.** Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkvæmt 1. mgr. 1. gr., að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki

[Náttúruverndar ríkisins]¹⁾ að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki [Náttúruverndar ríkisins],¹⁾ ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun [Náttúruverndar ríkisins]¹⁾ til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

□ Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

¹⁾ L. 93/1996, 41. gr.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.]¹⁾

¹⁾ L. 75/1982, 41. gr.